Lionsklúbburinn Njörður, Reykjavík

# NJARÐARFRÉTTIR

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Daníel Þórarinsson** **1. tbl. 9. árg. - júlí 2007**

## TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN....

Vigfús Halldórson þann 10. júlí, Jóhannes Pálmason 12. júlí og Sverrir Þórhallsson 31. júlí.

## HRÓSIÐ FÆR....

Hrósið fær að þessu sinni félagi okkar Jón Gröndal. Þann 1. júlí lauk hann störfum sem umdæmisstjóri í B-umdæminu og hefur nú verið umdæmisstjóri í báðum umdæmum.

Fjölumdæmisstjóri var hann í millitíðinni og leiðtogi (co-ordinator) norrænna Lionsmanna á alþjóðaþingi í nokkur ár. Einstakur ferill sem sýnir glögglega hve ötull og fórnfús Lionsmaður Jón er. Ekki má gleyma því að kona Jóns Dóróthea Emilsdóttir hefur staðið dyggilega með manni sínum í þessu mikla starfi.

**1. ágúst!!**

Næsti fundur verður strax 1. ágúst. Kl. 18 á **Kaffi Reykjavík.**

Stefán Jónsson, ritari, Haraldur Kornelíusson, gjaldkeri og Arnar Hauksson formaður.

**NÝJA STJÓRNIN SKIPULEGGUR STARFIÐ FRAMUNDAN:**

# MARGT ÓVÆNT Á MATSEÐLINUM

**Takmark stjórnarinnar er að efla og styrkja innviði klúbbsins á næstu tólf mánuðum, auka samheldni líkt og ungmennafélögin gerðu hér áður fyrr. Reynt verður að hafa fundina létta og hressandi. Þetta mun m.a. koma fram í vali á frískum fyrirlesurum í bland við áhugavert efni líkt og verið hefur undanfarin ár.**

Fyrstur til að ríða á vaðið verður Siggi Stormur, öðru nafni Sigurður T. Ragnarsson, jarð- og veðurfræðingur, sem ræðir um Global Warming og aðra upphitun. Ekki slæmt fyrir félaga að undirbúa starfsárið með góðum upphitunarsögum.

Lausafregnir hafa verið um að Hemmi Gunn komi á fund fljótlega í haust og ýmislegt fleira spennandi á döfinni.

Ekki er ólíklegt að ungmennafélagsandinn muni leiða til aukinnar íþróttaiðkunar. Sífellt fleiri félagar sjást nú eltast við hvítar kúlur. Ef þeir eru svo heppnir að finna þær þá slá þeir þær jafnharðan burtu frá sér aftur! Ótrúlegt hvað fólk lætur hafa sig út í. Stjórnin á sér þann draum að fara að vori á fornar Íslendingaslóðir í mið-Englandi. Sé virkur áhugi fyrir slíkri ferð meðal félaga og betri parta þarf að undirbúa málið hið fyrsta.

# FIMM GERÐIR AÐ MELVIN JONES FÉLÖGUM Á LOKAFUNDI

**Vel heppnaður lokafundur Lionsklúbbsins Njarðar var haldinn 29. júní sl. í Fóstbræðraheimilinu. Formleg dagskrá fundarins var með styttra móti eins og tíðkast um lokafundi. Fjallað var stuttlega um starfið á liðnu starfsári og síðan voru tilnefndir fimm nýir Melvins Jones félagar.**

Að vera útnefndur Melvin Jones félagi er einn mesti heiður sem Lionsklúbbur getur sýnt félögum sínum fyrir gott starf. Þeir sem útnefndir voru að þessu sinni eru mjög vel að heiðrinum komnir enda hafa þeir allir unnið frábært starf fyrir Njörð á umliðnum árum. Þessir félagar eru: Erlendur Guðjónsson, Guðmundur M.J. Björnson, Magnús Þórarinsson, Sighvatur Sigurðsson og Stefán Jónsson.
Eftir hefðbundin fundarstörf var boðið upp á glæsilegan þríréttaða málsverð og kvöldinu eytt í skraf og skemmtan, en alls voru liðlega 50 félagar og makar mættir á fundinn, sem var mjög vel heppnaður.

**Stjórnarskipti.**
**Formenn og ritarar voru mættir en hvar voru gjaldkerarnir?**

Myndarlegur fáni Njarðar og fánaberar vöktu verðskuldaða athygli!

# LIONSÞING Í ÓLAFSVÍK

**Fönguleg sveit Njarðarfélaga sótti þing Lions í Ólafsvík dagana 18.-19. maí. Þar voru að sjálfsögðu í aðalhlutverki okkar menn í yfirstjórn hreyfingarinnar þeir Jón Gröndal fráfarandi umdæmisstjóri og Hörður Sigurjónsson prótokolls– og þingstjóri.**
Viðtakandi stjórn þeir Arnar Hauksson, formaður, Haraldur Kornelíusson, gjaldkeri og Stefán Jónsson ritari sóttu skóla embættismanna og ritstjóri Njarðarfrétta slóst með í för á þingið. Eiginkonurnar voru allar mættar svo hópurinn var glæsilegur.
Stefán og Kolbrún urðu frá að hverfa vegna þess að dóttir þeirra var að fjölga mannkyninu. Lítill Stebbi kom í heiminn á meðan þau voru á leiðinni í bæinn.
Á myndinni hér til vinstri má greinilega sjá að Arnar Hauksson formannsefni var fánaberi klúbbsins í Lionsskrúðgöngunni, en íhaldsmenn voru þeir Haraldur og Daníel og virtist líka það bara vel!

# GOLFMÓT NJARÐAR Í BORGARNESI

**Golfmót Njarðar fór fram á Hamarsvelli við Borgarnes 2.– 3. júní sl.. Leikaðferðin sem var notuð kallast betri bolti (Texas Scramble) og leika þá tveir og tveir saman, oftast reyndur og óreyndur golfari.**
Að lokinni keppni fengu þátttakendur tækifæri til að slappa af, rabba saman og snurfusa sig en síðan var efnt til veislukvöldverðar og afhendingar veglegra verðlauna. Formaður vor Jón Eyjólfur, sem mættur var til golfiðkunar í fyrsta sinn, fór með sigur af hólmi með smá aðstoð frá félaga sínum Stefáni Jónssyni.

Að lokinni keppni kastaði fólk mæðinni og saup á límonaði eins og hér sést.

← Kampakátir sigurvegarar!

This document was created with Win2PDF available at http://www.win2pdf.com.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.